ANTIKVA EHF. 2023

# Brúarland í Deildardal

## Fornleifaskráning vegna skógræktar

**Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner**





**Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Hleðslusteinar í snjóflóðavarnargarði [3134-102]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Hermann Jakob Hjartarson

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-45-1

Verkefnanúmer MÍ: 3134

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af Hermanni Jakobi Hjartarsyni nema að annað sé tekið fram

©Antikva ehf. og Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 7

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið ........ 8

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 9

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 14

Minjanúmer ........ 14

Tegund, hlutverk og heiti ........ 14

Staðsetning ........ 14

Staðhættir og lýsing ........ 14

Hættumat ........ 15

Mótvægisaðgerðir ........ 15

Fornleifar á svæðinu ........ 15

Brúarland [3134-317] ........ 15

Rétt [3134-100] tóft og veggur [3134-132] heimild ........ 16

Varnargarður [3134-102] garðlag ........ 17

Torfgarður [3134-101] garðlag og kvíar [3134-103] tóft ........ 20

Vallargarður [3134-110], [3134-104] og [3134-115] túngarður ........ 21

Fjárhús [3134-105] tóft ........ 22

Sumarfjóshóll – fjós, fjárhús [3134-108] tóft ........ 23

Göngugarður − Kirkjugata [1872-9] heimild ........ 25

Útihús [3134-106] og [3134-107] tóftir ........ 26

Grásteinn [3134-112] álagablettur og landamerki og álfasteinn [3134-131] heimild .......... 28

Lautin [3134-118] álagablettur .......... 29

Grettistak [3133-140] þjóðsaga .......... 29

Eggertshús [3134-119] heimild .......... 29

Jónshús [3134-120] og Sigurðarhús [3134-121] heimild .......... 30

Brúarland bær [3134-114], fjárhús [3134-111] tóftir og reykhús[3134-116] heimild .......... 30

Klæðishóll – athafnarsvæði [3134-123] og matjurtagarður [3134-124] heimild .......... 32

Brunnur [3134-122] heimild .......... 33

Bænhús [3134-125], grjóthleðsla [3134-126] og öskuhaugur [3134-127] heimild .......... 33

Brúarland eldra bæjarstæði? [1872-5] rannsókn .......... 33

Dys − mannvistaleifar [3134-133] heimild .......... 34

Prestavað − Þrautavað [3134-129] heimild .......... 34

Gerði – Fjárhús [1872-4] – þúst .......... 34

Brúarlandsstekkur − Stekkur [1872-3] tóft .......... 36

Matjurtagarðar [3134-109] garðlög .......... 37

Brú [3134-142] heimild .......... 38

Samantekt og niðurstöður .......... 39

Heimildir .......... 42

Kort .......... 42

Árnastofnun – Örnefnasafn .......... 42

# Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu. ........ 2
Mynd 2. Skráningarform á Norðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ........ 13
Mynd 3. Rétt [100]. ........ 16
Mynd 4. Snjóflóðavarnargarður [103]. ........ 18
Mynd 5. Kvíar [103]. ........ 20
Mynd 6. Fjárhústóft [105] með garða. Minna rými er t.h. á mynd. ........ 23
Mynd 7. Sumarfjós eða fjárhús [108]. ........ 25
Mynd 8. Lautin [118] var full af vatni en frosin þegar hún var skráð. ........ 28
Mynd 9. Fjárhús [111]. ........ 31
Mynd 10. Stekkur [1872-3]. ........ 36
Mynd 11. Matjurtagarðar [109] við Klapparhólshyl í Deildará. ........ 37

# Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið. ........ 9
Kort 2. Uppmæling á rétt [100]. ........ 17
Kort 3. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1920. Fyrir miðju sést bæjartúnið á Brúarlandi ásamt Y-laga varnargarði í fjallshlíðinni fyrir ofan. ........ 18
Kort 4. Uppmæling á minjum í hlíðinni ofan bæjarins að Brúarlandi. ........ 19
Kort 5. Túnakort frá 1917. Hér má sjá að túnið hefur verið afgirt. Bærinn [114] sést á kortinu ásamt fjórum útihúsum. Líklega er um að ræða minjarnar. [1872-4], [119], [108] og [105]. . 21

Kort 6. Uppmæling á fjárhúsi [105]. ..... 22

Kort 7. Uppmæling af fjárhúsi [108]. ..... 24

Kort 8. Uppmæling á útihúsum [106 / 107] ásamt garði [115]. ..... 27

Kort 9. Uppmæling á fjárhúsi [111] og bæ [114]. ..... 32

Kort 10. Uppmæling á stekk [1872-3]. ..... 35

Kort 11. Uppmæling á matjurtagarði [109] ásamt hluta af túngarði [110]. ..... 38

Kort 12. Samningssvæði landeigenda við Skógræktina. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt í túni Brúarlands þar sem nokkrar fornleifar eru, en fyrir norðan túnið eru sjö fornleifar og ein austan við það. ..... 39

Kort 13. Uppmældar fornleifar með 15 m friðhelguðu svæði í kring. ..... 41

# Inngangur

Að beiðni Guðmundar Sverrissonar, landeiganda Brúarlands í Deildardal í Skagafirði, tók Hermann Jakob Hjartarson, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna skógræktar á jörðinni. Skráningin fékk verknúmerið 3134 hjá Minjastofnun Íslands.

Skráðar voru 36 fornleifar á jörðinni, þar af 19 varðveittar sýnilegar á yfirborði en 17 sem einungis eru þekktar af heimildum. Um er að ræða búsetuminjar, tóftir útihúsa í og við tún Brúarlands, og minjar um fjárbúskap í nánasta nágrenni, svo sem rétt og stekkur. Einnig fundust leifar af ýmsum garðlögum, túngarðar, snjóflóðavarnargarðar og matjurtagarðar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Guðmundur Sverrisson landeigandi var á staðnum við vettvangsskráningu veitti upplýsingar um minjar. Honum er þakkað fyrir góðar móttökur og hjálp.

Skráningin var unnin samhliða skráningu á jörðinni Eyrarlandi en landsvæðið sem var áður í eigu Brúarlands. Upplýsingar um minjar á Eyrarlandi er að finna í skýrslunni *Eyrarland í Deildardal: Fornleifaskráning vegna skógræktar*.[1]

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

[1] Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzchner, 2023.

# Fornleifaskráning og skráningarsvæðið

Áður hafa fornleifar verið skráðar á afmörkuðum svæðum vegna lagningar hitaveitu, raflagna, og ljósleiðara í Brúarlandi.[2] Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem heildarskráning fer fram á jörðinni. Gengið var um allt svæðið, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skráningarsvæðið nær yfir allt land jarðarinnar. Brúarland er staðsett í norðanverðum Deildardal og afmarkast af jörðinni Grindum til vesturs og Eyrarlandi til austurs. Til suðurs liggja landamerkin meðfram Deildará og til norðurs ná þau upp á miðjan Ennishnjúk. Í örnefnaskrá er landamerkjum lýst svo: „Landamerki að norðan eru um Grástein (þaðan í Grindaskálahaus, beina línu á fjall upp og niður í Deildará, um graseyri sunnan til. Að sunnan yzti hóllinn við ána í Kambshólum, sem heitir Vörðuhóll, bein lína í Ytra-Kambsgil, bein lína austur í mitt fjall um Sauðatungur.“[3] Svona voru landamerkin áður fyrr en jörðin hefur síðan minnkað talsvert. Svokallað Fremstaengi, áður austasti hluti Brúarlands, var selt til Kambs árið 1941 og síðan var mestallt landið til austurs selt við stofnun nýbýlisins Eyrarlands árið 1943. Í dag er Brúarland því um helmingi minni en áður.[4] Sléttlendi er ofan við Deildará og þar sem bæjarstæðið liggur en í túninu eru allmargar náttúrulegar hæðir. Halli er á landinu til norðurs.

[2] Guðný Zoëga, 2017; Brenda Prehal, 2020.
[3] Ö-Brúarland ÞP.
[4] Hjalti Pálsson, 2014, 211.




**Kort 1. Skráningarsvæðið.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“[5]

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

[5] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 3. gr.

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“[6]

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.[7]

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

[6] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 21. gr.
[7] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. og 38. gr.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.[8]

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.[9]

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.[10]

[8] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 16. gr.
[9] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. gr.
[10] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 28. gr.

Database view - Norðurland Fornleifaskráning | Object Browser

108, fjárhús, Arkeologiska object

Attributes | Text | Relations | Geo Objects | Documents | Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Id | 108 |
| Name | fjárhús |
| Class | Arkeologiska object |
| Eldra_minj_id | Ekki skráð áður |
| Minj_id | 3134-108 |
| Verkefna nr | 3134 |
| Sérheiti | Sumarfjóshóll |
| Bæjarnafn | Brúarland |
| Jarðatal Johnsen | 317 |
| Yfirflokkun | Býli |
| Tegund | tóft |
| Efni | torf og grjót |
| Lengd | 15 meter |
| Breidd | 9.5 meter |
| Hæð | 1.2 metrar |
| Veggjahæð frá | 0.4 m |
| Veggjahæð til | 1.2 m |
| Breidd veggjar | 2 m |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Austan við túngarðinn í túninu |
| Adalsvædi | Deildardalur |
| Svæði | Brúarlandstún |
| Túnakort | Túnakort 1917 |
| Heimildir | Hjalti Pálsson, 2014, 215. |
| Örnefnaskrá | Ö-Brúarland RGI, 5. |
| Aldur frá | 1750 |
| Aldur til | 1920 |
| Skráning | Hermann J. Hjartason |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 1/11/2023 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | hætta |
| Hættuorso | Vegna skógræktar |
| Ástand | vel greinanleg |
| Minjagildi | Nokkurt |
| Verkefni | Fornleifaskráning vegna skógræktar |
| Sveitarf | Skagafjörður |
| Gróður | gras |
| Verndun | friðað |
| Hlutverk | Fjárhús |

**Mynd 2. Skráningarform á Norðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Brúarland. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Sumarfjóshóll [3134-108]" og hlutverki þeirra, til dæmis „fjárhús [3134-105]", síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er verkefnanúmer Minjastofnunnar en hið seinna er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Skagafirði. Ef minjar hafa verið skráðar áður er notast við eldra númerið.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um til dæmis bænhús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn fyrir Norðurland. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa 17 fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

# Fornleifar á svæðinu

# Brúarland [3134-317]

Elstu heimildir um Brúarland eru frá 15. öld. en til eru skjöl varðandi viðskipti með jörðina. Þá virðist sem hún sé í einkaeign og hafi að minnsta kosti um stund verið í tvískiptri eign. Árið 1506 eignaðist svo Hólakirkja jörðina var hún í kirkjueign til ársins 1905 þegar Páll Þorgilsson keypti hana. Árið 1940 var hluti landsins seldur undir nýbýlið Eyrarland.[11]

Þegar vitnað er beint í heimildir hér á eftir þarf að taka áttum með fyrirvara. Í örnefnaskrám eru áttatáknanir öðruvísi en áttirnar eru í raun og þarf að hliðra áttum um 90° til að fá rétta átt. Þannig er að þegar talað er um suður í örnefnalýsingum er átt við austur o.s.frv. Líklega er þetta vegna tungutaks sem var viðhaft á svæðinu á þeim tíma sem þessar lýsingar voru gerðar.

[11] Hjalti Pálsson, 2014, 212-213.



**Mynd 3. Rétt [100].**

## Rétt [3134-100] tóft og veggur [3134-132] heimild

Í hlíðinni norðan við bæinn er ferhyrnd rétt [100], 10 x 8 m að stærð og veggir um 0,5 m háir. Inngangur er í suðurenda hennar. Líklega er þetta rétt sem samkvæmt örnefnaskrá er „á Grundinni ofan við bæinn. Beint utan við hana, ofan við mel, sjást leifar af vegg, og hefur þar verið eitthvert mannvirki.“[12] Veggurinn fannst hins vegar ekki við vettvangsskráningu.

Hættumat: Tóftin er á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og er því í mikilli hættu. Samkvæmt lögum um menningarminjar verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum í kringum hana.

[12] Ö-Brúarland RGI, 9.




**Kort 2. Uppmæling á rétt [100].**

## Varnargarður [3134-102] garðlag

Snjóflóða- og skriðuvarnargarðar eru í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Efst er grjóthlaðinn garður [102] sem nær norður upp í fjall að skriðuenda og suður niður að girðingu en nokkru sunnar, handan við girðinguna, tekur við torfgarður [101].

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er sagt frá því þegar Runólfur Jónsson bóndi á Brúarlandi var á leið upp í sumarfjós [108] til að gefa hænum sem þar voru. Þá sá hann skyndilega snjóflóð koma niður hlíðina. Flóðið kom úr Bæjargilinu, en þar hafði verið hlaðinn grjótgarður í eins kona odda með sveigða vængi til beggja hliða til varnar snjóflóðum. Í þetta sinn tók flóðið þó garðinn, braut að mikil leyti syðri (*austari*) garðinn og bar grjótið niður á grundina fyrir ofan túnið.[13] Varnargarðurinn er teiknaður inn á herforingjaráðskort frá árinu 1920. Þar sést að hann hefur líkst stafnum Y á hvolfi yfir bænum þannig að vængirnir hafa leitt snjóflóð sem

[13] Hjalti Pálsson, 2014, 216-217.

féllu beggja vegna bæjartúnsins.[14] Grjótgarðurinn sem enn er sjáanlegur er vestari hluti þessa varnargarðs, en austari hlutinn hefur farið í snjóflóðinu.

Hættumat: Garðurinn er á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og er því í mikilli hættu. Samkvæmt lögum verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum við hann.



**Mynd 4. Snjóflóðavarnargarður [103].**




**Kort 3. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1920. Fyrir miðju sést bæjartúnið á Brúarlandi ásamt Y-laga varnargarði í fjallshlíðinni fyrir ofan.**

[14] *Herforingjaráðskort Dana*, 1920.




**Kort 4. Uppmæling á minjum í hlíðinni ofan bæjarins að Brúarlandi.**

## Torfgarður [3134-101] garðlag og kvíar [3134-103] tóft

Torfgarður [101] virðist koma sem óbeint framhald niður af varnargarði [102] og liggur suðvestur frá girðingu niður að tóftum [103] og [105] við norðurenda bæjartúnsins. Garðurinn er 1-2 m á þykkt og um 0,4 m hár, alls 162 m langur. Tvö op eru á honum. Við utanverðan suðurenda túngarðsins [110] er fjórhólfa tóft [103] sem er líklega af kvíum frekar en stekk. Þær liggja jafnframt utan í túngarðsbroti [104] sem stefnir vestur frá torfgarðinum.

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur eða kvíar eru efst í túninu sunnan og ofan við Jónshólinn og upp frá þeim liggur gildur torfgarður upp eftir hlíðinni, norðan (vestan) við grjótgarðinn sem var til snjóflóðavarna. Hann var til að reka fé eftir honum upp í hrísið, sem var þarna í hlíðinni.“ [15]

Ekki er ósennilegt að garðurinn hafi einnig þjónað snjóflóðavörnum eins og garður [102] samhliða því að vera notaður til þess að leiða fé upp í hlíðina.



**Mynd 5. Kvíar [103].**

[15] Ö-Brúarland RJ.

Hættumat: Garðurinn og tóftin eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og eru því í hættu. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum.




**Kort 5. Túnakort frá 1917. Hér má sjá að túnið hefur verið afgirt. Bærinn [114] sést á kortinu ásamt fjórum útihúsum. Líklega er um að ræða minjarnar. [1872-4], [119], [108] og [105].**

## Vallargarður [3134-110], [3134-104] og [3134-115] túngarður

Í úttekt frá 1910 segir: „Tún jarðar þessarar er afgirt að utan með garði og vírgirðingu.“[16] Árið 1917 er svo sagt að grjót- og torfgarður sé 200 faðmar að lengd en garðlag er líka teiknað kringum túnið á túnakorti það ár.[17] Í örnefnaskrá segir: „Vallargarður hefur verið um allt túnið, en nú [þ.e. 1997] sést ekkert eftir af honum nema lítill stubbur niður við ánna vestur frá bænum.“[18]

[16] Hjalti Pálsson, 2014, 214.
[17] *Túnakort Brúarlands*, 1917.
[18] Ö-Brúarland RJ.

Tvö garðbrot liggja meðfram túnjaðrinum norðan megin, hið austara [115] aðeins um 15 m langt en hið vestara [104] um 53 m langt og eru kvíar [103] áfastar við utanverðan vesturendann. Niðri við Deildardalsá er svo þriðja brotið af túngarðinum [110], 28 m að lengd.

Hættumat: Þeir hlutar túngarðsins [104 / 115] sem eru norðan túnsins eru við fyrirhugað skógræktarsvæði og því í hættu. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum. Túngarðsbrotið [110] við ána er hins vegar ekki í neinni hættu.

### Fjárhús [3134-105] tóft

Rétt suðaustan við þar sem torfgarður [101] og túngarður [104] mætast er fjárhústóft [105]. Tóftin er 11 x 8,5 m stór og liggur norðvestur – suðaustur. Í henni eru tvö rými og garði í miðju þess stærra. Líklega er þetta útihús sem sést á túnakortinu frá 1917.[19]




**Kort 6. Uppmæling á fjárhúsi [105].**

[19] *Túnakort Brúarlands*, 1917.

Hættumat: Tóftin er rétt utan við fyrirhugað trjáræktarsvæði og er í hættu. Skógurinn gæti haft áhrif á hana ef hann dreifir úr sér. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum.



**Mynd 6. Fjárhústóft [105] með garða. Minna rými er t.h. á mynd.**

## Sumarfjóshóll – fjós, fjárhús [3134-108] tóft

Austan við túngarð [115] er tóft með stefnu suðvestur – norðaustur. Hún er 15 x 9,5 m að stærð og veggjahæð á bilinu 0,4-1,2 m. Garði liggur eftir miðri tóftinni og hún opnast til suðurs. Við norðausturgafl, fyrir aftan aðalrýmið eru tvö minni rými sem opnast í sín hvora áttina.




**Kort 7. Uppmæling af fjárhúsi [108].**

Þetta er líklega tóft sem sést á túnakortinu frá 1917, tvískipt og syðra rýmið örlítið stærra en það nyrðra.[20] Einnig virðist sagt frá henni í örnefnaskrám: „Túnið er að mestu þrjár hólaraðir. [...] Efsti hlutinn sem er talsvert hærri nefnist Sumarfjóshóll.“[21] „Þar var um margar aldir (ritað svo) haft sumarfjós, en sem nú er fjárhús.“[22] Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir: „Á efsta hólnum, Sumarfjóshól, var lengi sumarfjós, en síðar fjárhús.[23]

Hættumat: Tóftin er rétt utan við fyrirhugað trjáræktarsvæði og er í hættu. Skógurinn gæti haft áhrif á hana ef hann dreifir úr sér. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum.

[20] *Túnakort Brúarlands*, 1917.
[21] Ö-Brúarland RGI, 5.
[22] Ö-Brúarland JHÁ.
[23] Hjalti Pálsson, 2014, 215.



**Mynd 7. Sumarfjós eða fjárhús [108].**

## Göngugarður – Kirkjugata [1872-9] heimild

Í örnefnaskrám segir frá götu á garði: „Göngugarður liggur yfir túnið ofan til og hefur náð alla leið framan frá Kambi og út í Hof. Þetta var kölluð kirkjugata.“[24] Önnur lýsing hljóðar svona: „Garður hefur verið eftir Brúarlandshlíðinni. En hann er víða horfinn. Á stöku stað eru leifar hans eins og þrep í landslaginu, því það hefur færst að honum að ofanverðu. Þessi garður hefur verið nefndur Göngugarður. Leifar hans sjást enn, 2002.“[25] Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er honum lýst þannig: Göngugarðurinn lá yfir Brúarlandstúnið, um 135 metrum ofan við gamla bæinn, og hefur náð framan frá Kambi út í Hof á Höfðaströnd. Hefur Garðurinn verið mikið mannvirki og er hann gildari og hærri en hefðbundinn túngarður. Garðurinn sést víðar. Enn sér fyrir honum fyrir sunnan og ofan við bæinn Nýlendi. Í slökkum í Brúarlandshlíð er hann horfinn eftir ágangs snjóflóða og aurskriðna og sums staðar er sigið að honum

[24] Ö-Brúarland RJ.
[25] Ö-Brúarland RGI, 8.

brekkumegin. Er hann þá eins og stallur í hlíðinni. Garðurinn var nefndur Göngugarður eða Kirkjugata en vafalítið hefur hann verið til þægðar í miklum snjó og eins þar sem bleytur voru miklar.[26]

Þrátt fyrir þessar lýsingar hefur þarna sennilega aldrei verið eiginlegur garður heldur einungis djúp spor eftir leið til kirkju fyrir ofan bæinn. Við fornleifaskráningu árið 2017 var skráð gata í landi Grinda sem lá í átt að Brúarlandi.[27] Engin ummerki um framhaldið sjást í Brúarlandi en mjög líklegt er þó að um sömu götu sé að ræða.

Hættumat: Engar minjar sjást um leiðina í Brúarlandi en samkvæmt heimildum var hún þar sem fyrirhuguð skógrækt á að vera.

### Útihús [3134-106] og [3134-107] tóftir

Tóftir tveggja lítilla útihúsa eru rétt norðan við túnið. Önnur þeirra [106] er 6 x 4,5 m að stærð, með inngang á suðurgafli. Hin [107] er 5 m norðar, 10 x 7,5 m að stærð. Sú tóft er tvískipt og inngangur á norðurgafli.

Hættumat: Tóftirnar eru á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og eru því í mikilli hættu. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum.

[26] Hjalti Pálsson, 2014, 216.
[27] Guðný Zoëga, 2017, 13.




**Kort 8. Uppmæling á útihúsum [106 / 107] ásamt garði [115].**

### Grásteinn [3134-112] álagablettur og landamerki og álfasteinn [3134-131] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Álfasteinar (bústaðir álfa) í landi Brúarlands eru: Grásteinn á merkjum milli Brúarlands og Grinda. Annar slíkur steinn er rétt við veginn við sömu landamerki.“[28] Grásteinn [112] er enn sýnilegur en hinn álfasteinninn [131] fannst ekki. Þessir steinar eru bæði álagablettir og landamerki. Í örnefnaskrá segir einnig um Grástein: „Landamerki eru að norðan um Grástein.“[29]

Hættumat: Grásteinn er á jaðri skógræktarsvæðisins en er ekki í hættu vegna þess að þetta er steinn. Æskilegt er þó að gera ráð fyrir fjarlægðarmörkum þannig að hann fái að njóta sín.



**Mynd 8. Lautin [118] var full af vatni en frosin þegar hún var skráð.**

[28] Ö-Brúarland RGI, 8.
[29] Ö-Brúarland ÞP, 1.

### Lautin [3134-118] álagablettur

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er vitnað í Runólf Jónsson um álagablettinn Lautina [118]: „Utan og ofan við bæjarhúsin á Brúarlandi er djúp laut. Hún var í daglegu tali kölluð Lautin. Hávaxin stör vex þar og safnast saman í hana tjörn á vorin. Í Lautinni er álagablettur, grjóthrúga. Þar segir sagan að skáldið Bólu-Hjálmar hafi kveðið niður draug og síðan borið grjót á hann. Runólfur Jónsson bóndi á Brúarlandi sagðist aldrei hafa þorað að hrófla þar við nokkrum steini.“[30] Lautin er varðveitt í túninu norðan bæjarins.

Hættumat: Lautin er utan við fyrirhugað skógræktarsvæði og því ekki í neinni hættu.

### Grettistak [3133-140] þjóðsaga

Um örnefni í fjallinu Brúarlandshlíð segir meðal annars frá örnefnum eins og Grettisskriðu og Grettisreit: „Í honum er Grettishóll og Grjótrófur. Á Grettishól er allstór steinn, sem nefndur er Grettistak.“[31] Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir enn fremur: þar á Grettir Ásmundarson að hafa þreytt krafta sína.[32] Á þessu svæði eru nokkrir stórir steinar sem lýsingin gæti átt við. Miðað við lýsinguna ætti Grettistakið að vera á Eyrarlandi en í byggðasögunni er gefið upp hnit fyrr hann sem virðist lenda inni á jörð Brúarlands. Staðsetning steinsins er því ekki fullkomlega ljós, en fer þó ekki á milli mála að hann er ofan vegar. Steinninn er skráður á jörð Eyrarlands líka, en líklega er hann við landamerki jarðanna, sem voru sunnan til í Grettishól.[33]

### Eggertshús [3134-119] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Eggertshóll heitir eftir Eggert nokkrum, sem átti þar fjárhús. [...] Eggertshús stóð uppi á hólnum, en ekki við hólinn. Þar var hús þegar Runólfur kom í Brúarland og voru hýstar kindur í því eftir það. Sumarfjóshóll [108], Eggertshóll og Klæðishóll [123] var allt á sama rindanum (jökulöldunni). Eggertshóll á miðjunni og heldur lægstur.“ [34] Einn Eggert hefur búið á staðnum, það er Eggert Þorsteinsson sem bjó á Brúarlandi frá 1849-1851.[35] Inn á túnakort frá 1917 er merkt inn útihús á þeim stað sem

[30] Hjalti Pálsson, 2014, 216.
[31] Ö-Brúarland, ÞP, 1.
[32] Hjalti Pálsson, 2014, 210.
[33] Ö-Brúarland, ÞP, 4.
[34] Ö-Brúarland. RGI, 8.
[35] Hjalti Pálsson, 2014, 218.

Eggertshús stóð.[36] Þessar minjar eru horfnar en ekki er útilokað að leifar af þeim séu enn í jörðu.

### Jónshús [3134-120] og Sigurðarhús [3134-121] heimild

Í örnefnaskrá frá 1938 segir: „Jónshóll og Sigurðarhóll, heita eftir mönnum sem fyrstir byggðu fjárhús þar.“[37] Í annarri örnefnaskrá segir: „Á Jónshóli stóð fjárhús sem nefndist Jónshús og á Sigurðarhóli Sigurðarhús.“[38] Í enn annarri örnefnaskrá segir: Sunnan og austan við Jónshól var tóftarleif, en hún hvarf við aðgerðir jarðýtu. Rústir á Sigurðarhól hlutu sömu örlög.[39]

Nokkrir Jónar hafa búið á Brúarlandi í gegnum aldirnar þannig að ekki er ljóst eftir hverjum þeirra hóllinn heitir. Þá hafa tveir Sigurðar búið á bænum, báðir á fyrri hluta 19. aldar.

Þó búið sé að slétta úr minjunum er ekki útilokað að leifar af þeim séu enn í jörðu.

### Brúarland bær [3134-114], fjárhús [3134-111] tóftir og reykhús[3134-116] heimild

Á gamla bæjarstæðinu eru sambyggð bæjarhús og fjárhús. Bæjarhúsin eru um 15 x 18 m að stærð og skiptast upp í að minnsta kosti fimm herbergi eða rými. Tóftin er vel greinanleg, veggir 0,4-1,6 m að hæð og mest um 2 m að breidd.

Í úttekt frá 1910 eru talin upp rými sem öll hafa væntanlega verið í bænum: baðstofa gömul og forn, göng, anddyri, búrhús, skáli við bæjardyr og eldhús.[40] Tóftirnar sem sjást á vettvangi gætu þá verið af þessum húsum en samkvæmt Guðmundi Sverrissyni, eiganda jarðarinnar, var bæjarstæðið á þessum stað og hefur hann það eftir fyrri ábúendum.

Athygli vekur hins vegar að í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir að gamli bærinn hafi staðið lægra og skammt sunnan við núverandi íbúðarhús og að bæjarstæðið hafi verið jafnað út og að nú sjái hvorki fyrir veggjum né útlínum bæjarins. Á bænum voru tvær burstir sem snéru til suðurs.[41] Ekki er ljóst hvers vegna vegna þarna sé talið að ekkert sjáist af bænum en líklega er

[36] *Túnakort Brúarlands*, 1917.
[37] Ö-Brúarland JHÁ.
[38] Ö-Brúarland ÞP, 4.
[39] Ö-Brúarland RGI, 9.
[40] Hjalti Pálsson, 2014, 214.
[41] Hjalti Pálsson, 2014, 215.

það haft eftir örnefnalýsingu Rósmundar Ingólfssonar sem lýsir bænum eins en segir að hann sjáist ekki.[42]



**Mynd 9. Fjárhús [111].**

Fjárhústóft [112] er áföst bæjarhúsunum, vestan megin, 11 x 8,5 m að stærð. Líklega hefur fjárhúsið verið notað lengur en bæjarhúsin en hluti þess er steyptur, þar á meðal garðinn og veggur syðst á byggingunni. Steypti veggurinn gæti reyndar hafa tilheyrt reykhúsi [116] sem stóð fyrir framan vegginn en fauk í óveðri fyrir nokkrum árum.[43]

Hættumat: Minjarnar eru ekki í hættu vegna fyrirhugaðra skógræktar, en gætu verið í hættu vegna ábúðar.

[42] Ö-Brúarland RGI.
[43] Guðmundur Sverrisson, munnleg heimild




**Kort 9. Uppmæling á fjárhúsi [111] og bæ [114].**

## Klæðishóll – athafnarsvæði [3134-123] og matjurtagarður [3134-124] heimild

Í örnefnalýsingu Þorgils Pálssonar segir: Klæðishóll var allstór hóll sunnan við gamla bæjarstæðið. Þar var þurrkaður þvottur.[44] Í örnefnaskrá Jóns H. Árnasonar er líka minnst á þennan þurrkhól: „Hóllinn sunnan við bæinn heitir Klæðishóll. Á hann var breiddur ýmis konar fatnaður til forna, og jafnvel að svo sé enn. [Skrifað 1938]. Klæðishóllinn er langur, eða sú hólaruna sem hann er í.“[45] Samkvæmt annarri lýsingu hefur þarna einnig verið matjurtagarður: „Matjutragarður hefur verið sunnan í Klæðishólnum, e.t.v. eru það garðar Tómasar prests á Brúarland, sem einhvers staðar er rætt um.“[46]. Tómas þessi bjó á Brúarlandi frá 1850-1880.[47] Ekkert sést til þessa minja í dag en ekki er þó útilokað að leifar af þeim séu enn í jörðu.

[44] Ö-Brúarland ÞP, 1
[45] Ö-Brúarland JHÁ.
[46] Ö-Brúarland RGI, 8.
[47] Hjalti Pálsson, 2014, 218.

### Brunnur [3134-122] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Brunnur var sunnan í brekku sunnan við gamla bæinn“.[48] Ekki sést til brunnsins í dag.

### Bænhús [3134-125], grjóthleðsla [3134-126] og öskuhaugur [3134-127] heimild

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir: Munnmæli eru her hafi til forna bænhús verið, engin vita menn rök til þess.[49] Eitt sinn var grafin hola 20-30 m vestan við gamla bæinn og á 80 cm dýpi fannst grjóthleðsla, greinilegt horn á einhverri byggingu. Runólfur Jónsson bóndi áleit að um væri að ræða meint bænhús. Hjalti Pálsson telur sennilegt að bænhúsið hafi staðið frammi á brekkubrúninni vestan við bæinn, þar var öskuhaugur seinna meir sem hefur verið jafnaður út með jarðýtu.[50] Engar minjar sjást á yfirborði hvorki um bænhúsið, grjóthleðsluna né öskuhauginn en þetta virðist hafa verið á sama eða svipuðum stað.

### Brúarland eldra bæjarstæði? [1872-5] rannsókn

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er sagt frá því að fornar minjar hafi fundist í jörðu skammt norðan (vestan) við núverandi bæjarhús. Kristján Runólfsson hafði verið að grafa fyrir skólplögn þegar hann kom niður á öskuhaug. Í honum fann hann forna gripi, meðal annars nál úr kopar og tvískipta sörvisperlu.[51] Árið 2017 skoðaði Guðný Zoëga fornleifafræðingur snið í lagnaskurði á þessu svæði. Sú könnun skar ekki úr því með vissu hvort þarna væri að finna elsta bæjarstæðið en einhverjar eldri byggingaleifar hafa verið á staðnum áður en uppistandandi hús var byggt.[52]

Hættumat: Þetta er utan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og því engin hætta vegna skógræktar en hins vegar eru minjarnar í mikilli hættu vegna ábúðar.

[48] Ö-Brúarland RGI.
[49] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IX, 242-243.
[50] Hjalti Pálsson, 2014, 216.
[51] Hjalti Pálsson, 2014, 215.
[52] Guðný Zoëga, 2017, 10.

### Dys – mannvistaleifar [3134-133] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Þegar grafið var fyrir íbúðarhúsinu fannst þar dys og voru aðeins tvær skóflustungur niður á hana. Þetta var aflöng dys, eins og rúmlega mannslengd og grjótið í henni var allt vatnsnúið, greinilega komið neðar úr áreyrinni. Þetta var allt biksvart eftir sót eða bruna. Einhver smábein sáust. Haldið var að þetta hafi verið dys galdramanns, sem hafi verið brenndur þarna. Beinin, sem þarna fundust voru sem næst þar sem nú er suðaustur endinn á íbúðarhúsinu.“[53] Engar staðfestar heimildir eru um galdramannsdys á þessum stað og virðist líklegra að þarna hafi verið ruslahaugur með brunnum dýrabeinum.

### Prestavað – Þrautavað [3134-129] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Prestavað hét vað á Deildardalsá yzt undan Brúarlandstúni. Sást greinilega sneiðingur upp árbakkann að vestan.“[54] Í annarri örnefnaskrá segir: Þrautavað er á Deildardalsá, úr landi Brúarlands yfir í land Stafnhóls. Þetta vað hafa menn nefnt Prestavað enda hafa prestar sem bjuggu á Brúarlandi trúlega oftast farið yfir ána þegar þeir áttu leið í t.d. Óslandshlíð. Þrautavöð voru þau vöð nefnd, sem frekast voru fær þegar vatnavextir voru.“[55] Þetta vað sést ekki á vettvangi.

### Gerði – Fjárhús [1872-4] – þúst

Minjarnar hafa verið skráðar áður og er lýst svo í fyrri skráningu:

> Í sléttuðu túni 145m suðaustur af núverandi bæ er ójafnt svæði í miðju túninu sem lítur út eins og tóftir sem sléttað hefur verið úr. Nokkurt grjót er í hrúgu fyrir miðju túni en engir eiginlegir veggir greinanlegir. Rótaða svæðið er um 14x10m að stærð.
> **Lýsing**
> Í örnefnaskrá Brúarlands er talað um fjárhús á svokölluðu Gerði en þar segir: „neðan við svokallaðan Bæjarhól er mýrlendur blettur, er nefnist Fit. Sunnan við hana er allstór túnblettur, er heitir Gerði. Þar var fjárhús“ (Örnefnaskrá, Þorgils Pálsson skráði, bls. 2). Þarna var mældur upp ferkantaður flötur en veggjum hefur verið rutt út og mynda þeir ólögulega hrúgu. Tóftalögun var því ekki skýr. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða samkvæmt lagalegum skilningi.[56]

[53] Ö-Brúarland RGI, 9.
[54] Viðbót við Ö-Brúarland JHÁ. Rituð af Steinari Þórðarsyni.
[55]Ö-Brúarland RGI.
[56] Guðný Zoëga, 2017, 10-11.

Á túnakorti er merkt inn hús á þessum stað.[57]

Hættumat: Þessar minjar eru utan við fyrirhugað skógræktarsvæði og eru ekki í neinni hættu.




**Kort 10. Uppmæling á stekk [1872-3].**

[57] Túnakort Brúarland, 1917.

### Brúarlandsstekkur – Stekkur [1872-3] tóft

Í örnefnaskrá segir: Lítil Vorrétt sést ennþá skammt fyrir sunnan Brúarland, ofan vegar. Hún var notuð fyrir Grindur og Brúarland. Þetta var kallað Stekkur.[58] Í *Byggðasögu Skagfirðinga* er tóftin nefnd Brúarlandsstekkur og mun hafa verið notuð síðar sem vorrétt fyrir Grindur og Brúarland.[59]

Stekkurinn hefur verið skráður áður og var þá lýst svo: „Stekkurinn er tvískiptur. Tóftin liggur norður suður og er syðra hólfið 9m langt og 4m breitt að innanmáli. Útgangur hefur verið til suðurs og innangengt í smærra hólfið sem er norðan við. Það er 2,7x3,5m að stærð. Grjót sést í hleðslum sem eru hæstar um 80cm og um 70cm breiðar.“[60]

Hættumat: Stekkurinn er innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og er því í hættu. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum.



**Mynd 10. Stekkur [1872-3].**

[58] Ö-Brúarland, RGI, 8.
[59] Hjalti Pálsson, 2014, 217.
[60] Guðný Zoëga, 2017, 8.

### Matjurtagarðar [3134-109] garðlög

Í örnefnaskrá segir: „Utan og neðan við Klapparhólshylinn, sunnan í brekku í krikanum við ána, sjást minjar eftir matjurtagarða Tona, sem var hér á Brúarlandi, bróðir Hjálmars á Kambi. Þarna ræktaði hann m.a. gulrófur.“[61] Toni þessi er líklega Hólmsteinn Anton Pálsson sem bjó ásamt foreldrum sínum að Brúarlandi 1905-1928 og síðan aftur árin 1939-1940.[62] Garðurinn er varðveittur við ána beint fyrir neðan bæinn í um 100 m fjarlægð. Stærð hans er 48 x 18 m. Girt er í kringum hann og er hleðsluhæð veggja 0,2-1 m og breidd um 1,6 m.

Hættumat: Garðarnir eru ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðrar skógræktar.



**Mynd 11. Matjurtagarðar [109] við Klapparhólshyl í Deildará.**

[61] Ö-Brúarland, RGI, 8.
[62] Hjalti Pálsson, 2014, 218.




**Kort 11. Uppmæling á matjurtagarði [109] ásamt hluta af túngarði [110].**

## Brú [3134-142] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Munnmæli eru um, að brú hafi verið á ánni á Klapparhól og þar dragi bærinn nafnið af. Þykir mér það ekki ólíklegt, því klappir eru að ánni austan megin, en vesturbakkinn hefur verið ótraustur og látið sig, áin grafið sig undir, og þá var komin sjálfgerð brú, sem síðan hefur fallið niður smám saman og áin hreinsað farveginn jafnharðan.“[63] Í annarri örnefnaskrá er skýring á því hvers vegna brúin féll: „Á elleftu eða tólftu öld bjó kona ein á Brúarlandi, stórrík en nirfill [...] hallæri gekk yfir Skagafjörð. Stórbændur urðu að miðla mat il hina bágstödddu og tóku margt manna á heimili sín. Fólk fór þá að streyma í stórhópum að Brúarlandi, vegna þæginda fyrir bogann sem lá yfir ána. Fólkið var í matarleit. Gömlu konunni þótti nóg um þessar heimsóknir og lét húskarla sína brjóta steinbrúna. Síðan hefur áin verið brúarlaus á þeim stað.“[64] Engar minjar sjást um þessa brú.

[63] Ö-Brúarland ÞP, 3.
[64] Ö-Búarland JHÁ.

# Samantekt og niðurstöður




**Kort 12. Samningssvæði landeigenda við Skógræktina. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt í túni Brúarlands þar sem nokkrar fornleifar eru, en fyrir norðan túnið eru sjö fornleifar og ein austan við það.**

Innan svæðisins voru skráðar 36 minjar sem allar teljast fornleifar og sjást 19 þeirra á yfirborði en 17 eru horfnar. Helstu fornleifar á svæðinu eru búsetuminjar, í og utan bæjartúns Brúarlands. Þar eru minjar um fjárhús og önnur útihús, garðlög, túngarð og snjóflóðavarnargarð, einnig minjar frá gamla bæjarhúsinu og fleira. Þá eru þarna álagablettir, en þeir teljast til fornleifa samkvæmt 3. gr. menningarminjalaga.[65]

Samkvæmt 22. grein menningarminjalaga skal við framkvæmdir gert ráð fyrir 15 m friðhelguðu svæði kringum þekktar minjar.[66] Þegar skógrækt er annars vegar er þó ekki víst að þetta dugi því eðlilegt er að skógurinn breiði sífellt meira úr sér þegar fram líða stundir. Hér er því lagt til að fjarlægðarmörkin séu víkkuð út í 20 m á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

[65] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 3. gr.
[66] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 22. gr.

Minjar [100], [101], [102], [104], [105], [106], [107] og [117] eru innan eða í jaðri fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og [108] er rétt fyrir utan það. Aðrar minjar eru talsvert frá skógræktarsvæðinu og því ekki í hættu vegna skógræktar. Minjar í núverandi bæjarstæði eins og [1872-5] eru hins vegar í hættu vegna ábúðar.

Meðal minja sem eingöngu eru heimildir um en sjást ekki á vettvangi er meint galdramannsdys [3134-133] og byggir það eingöngu á ótraustum getgátum í örnefnalýsingu. Ef þarna hafa fundist brennd bein eins og greint er frá er líklegra að um hafi verið að ræða ruslahaug með brunnum dýrabeinum.

Allar minjar sem fundust á vettvangi hafa verið mældar nákvæmlega upp og staðsettar en Minjastofnun Íslands metur hvort gera þurfi frekari ráðstafanir og þá með hvaða hætti.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.[67]

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“[68]

[67] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 38. gr.
[68] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 21. gr.




**Kort 13. Uppmældar fornleifar með 15 m friðhelguðu svæði í kring.**

# Heimildir

Guðný Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna lagningu raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði*. Rannsóknaskýrslur 189. Byggðasafn Skagfirðinga.

Brenda Prehal. (2020). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara og hitaveitu í Deildardal*. Rannsóknaskýrslur 233. Byggðasafn Skagfirðinga.

Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzchner (2023). *Eyrarland í Deildardal: Forleifaskráning vegna skógræktar*. Antikva.

Hjalti Pálsson. (2014). *Byggðasaga Skagafjarðar: Hofshreppur* (7). Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (IX). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar* nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 20. september 2023 á: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.

### Kort

*Herforingjaráðskort Dana*. (1920). Sótt 6. nóvember 2023 á: https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/atlaskort_teikningar/JPEG/1920-6-18.jpg

*Túnakort fyrir Brúarland*. (1917).

### Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Brúarland JHÁ: *Örnefnalýsing Brúarlands*. (1938). Jón H. Árnason skráði.

Ö-Brúarland RGI: *Örnefnalýsing Brúarlands*. (2001-2002). Rósmundur G. Ingvarsson (f. 1930) skráði.

Ö-Brúarland RJ: *Örnefnalýsing Brúarlands*. (1997). Runólfur Jónssson skráði.

Ö-Brúarland SÞ: *Örnefnalýsing Brúarlands, viðbót við örnefnalýsingu Jóns H. Árnasonar*. [Ekkert ártal]. Steinar Þórðarson skráði.

Ö-Brúarland ÞP: *Örnefnalýsing Brúarlands*. (1976). Þorgils Pálsson skráði.

ANTIKVA EHF 2023

# Fornleifaskrá

# Brúarland í Deildardal

**Hermann Jakob Hjartarson og** Rúna K. Tetzschner



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1872-3 | Bæjarnafn | Brúarland | Gömul nr. | Skráð 2017 | Jarðatalsnr. | 317 |
| Svæði | Deildardalur | Sveitarfélag | Skagafjörður | Dagur | 2/11 2023 | Skráning | HJH |
| Hlutverk | stekkur | Tegund | tóft | Flokkun | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Brúarlandsstekkur | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinilegar fornleifar | Hættumat | engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1500-1900 | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Efni | | | | Umhverfi | Milli tveggja hóla |
| Lengd | 16 m | Breidd | 8,9 m | Hæð | 0,4 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | | | Örnefnaskrá | Örnefnaskrá Brúarland, Rósmundur Ingvarsson |
| Mæling | uppmæling | | | Heimildir | Hjalti Pálsson, 2014, bls. 217.<br>Guðný Zoëga, 2017, 8. |
| Isnet A | 596481,491 | Isnet N | 486542,170 | | |
| Verkefnanúmer MÍ | 1872 | | | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | HJH | | | Mótvægisaðgerðir | 15 m fjarlægðarmörk |



Í örnefnaskrá segir: Lítil Vorrétt sést ennþá skammt fyrir sunnan Brúarland, ofan vegar. Hún var vara notuð fyrir Grindur og Brúarland. Þetta var kallað Stekkur. Í Byggðasögu Skagfirðinga er tóftin nefnd Brúarlandsstekkur og mun hafa verið notuð síðar sem vorrétt fyrir grindur og Brúarland.

Stekkurinn hefur verið skráður áður, þá var honum lýst svo: „Stekkurinn er tvískiptur. Tóftin liggur norður suður og er syðra hólfið 9m langt og 4m breitt að innanmáli. Inngangur hefur verið til suðurs og innangengt í smærra hólfið sem er norðan við. Það er 2,7x3,5m að stærð. Grjót sést í hleðslum sem eru hæstar um 80cm og um 70cm breiðar.“

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1872-4 | Bæjarnafn | Brúarland | Gömul nr. | Skráð 2017 | Jarðatalsnr. | 317 |
| Svæði | Deildardalur | Sveitarfélag | Skagafjörður | Dagur | 1/11 2023 | Skráning | HJH |
| Hlutverk | fjárhús | Tegund | þúst | Flokkun | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Gerði | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illa farið | Hættumat | engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 800-1900 | Horfin | nei | Horfin ástæða | |
| Efni | grjót | | | Umhverfi | Slegið tún allt um kring |
| Lengd | 20,9 m | Breidd | 15 m | Hæð | 0,6 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1917 | Örnefnaskrá | Ö-Brúarland ÞP | | |
| Mæling | uppmæling | Heimildir | Guðný Zoëga. (2017). Fornleifaskráning vegna lagningu raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði. | | |
| Isnet A | 596500,437 | Isnet N | 486306,24 | | |
| Verkefnanúmer MÍ | 1872 | Minjagildi | | | |
| Ljósmyndari | HJH | Mótvægisaðgerðir | | | |



Minjarnar hafa verið skráðar áður. Í skráningunni er þeim lýst svo:

"Í sléttuðu túni 145m suðaustur af núverandi bæ er ójafnt svæði í miðju túninu sem lítur út eins og tóftir sem sléttað hefur verið úr. Nokkurt grjót er í hrúgu fyrir miðju túni en engir eiginlegir veggir greinanlegir. Rótaða svæðið er um 14x10m að stærð.

**Lýsing**

Í örnefnaskrá Brúarlands er talað um fjárhús á svokölluðu Gerði en þar segir: „neðan við svokallaðan Bæjarhól er mýrlendur blettur, er nefnist Fit. Sunnan við hana er allstór túnblettur, er heitir Gerði. Þar var fjárhús" (Örnefnaskrá, Þorgils Pálsson skráði, bls. 2). Þarna var mældur upp ferkantaður flötur en veggjum hefur verið rutt út og mynda þeir ólögulega hrúgu. Tóftalögun var því ekki skýr. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða samkvæmt lagalegum skilningi."

Á túnakorti er merkt inn hús á þessum stað.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1872-5 | Bæjarnafn | Brúarland | Gömul nr. | Skráð 2017 | Jarðatalsnr. | 317 |
| Svæði | Deildardalur | Sveitarfélag | Skagafjörður | Dagur | 1/11/2023 | Skráning | HJH |
| Hlutverk | Býli /bæjarstæði | Tegund | heimild | Flokkun | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Brúarland | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | vegna ábúðar |
| Aldur | 900-1800 | Horfin | já | Horfin ástæða | |
| Efni | | | | Umhverfi | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | uppmæling | Heimildir | Byggðasaga Skagafjarðar VII<br>*Fornleifaskráning vegna lagningu raflínu í* | | |
| Isnet A | 596570,403 | Isnet N | 486141,678 | | |
| Verkefnanúmer MÍ | 1872 | Minjagildi | Mjög mikið | | |
